



Reykjavík, 10. júní 2024

MSS23080053

Borgarráð

Endurskoðun málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði – umsókn vegna umsóknar KSÍ um rekstrarleyfi á Laugardalsvelli

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nú til meðferðar umsókn Knattspyrnusambands Íslands um rekstrarleyfi í flokki II á Laugardalsvelli. Skrifstofa borgarstjórnar annast umsagnargerð um umsóknina f.h. Reykjavíkurborgar.

Í 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði, sem samþykktar voru í janúar árið 2017, er að finna þá reglu að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur. Síðustu ár hefur þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði.

Endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði stendur nú yfir og er ástæða til að skoða hvort þörf á óbreyttum sérstökum ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði. Í ljósi þess er óskað eftir því að borgarráð vísi erindinu til meðferðar menningar- íþróttar og tómstundarráðs og feli þeim að leita samráðs við íþróttafélögin og aðra hagaðila.

Frekari vinnslu umsóknar Knattspyrnusambands Íslands um rekstrarleyfi á Laugardalsvelli verður frestað á meðan samráð er viðhaft.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík